

ÓFORMLEG OG FORMLEG MÁLSMEÐFERÐ

VEGNA EINELTIS, KYNFERÐISLEGRAR ÁREITNI, KYNBUNDINNAR ÁREITNI OG OFBELDIS

Samkvæmt áætlun ML um áætlun ML um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi eru allar tilkynningar teknar alvarlega og brugðist við þeim eins fljótt og hægt er. Sá/sú sem upplifað er að leggi aðra í einelti eða beiti ofbeldi eða áreitni, getur verið úr hópi nemenda eða starfsfólks.

Málsmeðferð getur verið ýmist óformleg eða formleg. Mikilvægt er að óformlega leiðin sé líka til staðar svo þeir sem upplifa að á sér sé brotið geti leitað til starfsfólks með það, jafnvel þó þau séu ef til vill ekki tilbúin í formlega málsmeðferð. Formlegur farvegur ætti þó ekki að vera fráhrindandi leið – þá er einfaldlega unnið með markvissari hætti í málinu, rætt við alla aðila og möguleiki skapast til annars konar viðbragða. Byrji mál í óformlegum farvegi er sá möguleiki alltaf opinn að færa það yfir í formlegan farveg.

Ef grunur leikur á að barn/ungmenni búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það **barnaverndarþjónustu** (skv. 16 og 17 gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002).

Hvort sem um formlega eða óformlega málsmeðferð er að ræða er unnið eftir **leiðarljósum**:

TRÚNAÐUR

TRAUST

VIRÐING

VARFÆRNI

HÆFNI

HUGREKKI

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 326/2016 geta foreldrar/forráðamenn, nemendur eða skólar óskað eftir aðkomu **fagráðs eineltismála** ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Óformleg málsmeðferð

<p>Látið vita</p>	<p>Ábending, tilkynning eða grunur (sjá EKKO áætlun um aðgerðir).</p> <p>Ávallt er brugðist við. Óformleg málsmeðferð felst fyrst og fremst í samtali og stuðningi og óbeinum aðgerðum.</p> <p>Ef utanaðkomandi/þriðji aðili kemur með ábendingu um EKKO-mál eða ef nafnlausar ábendingar berast (t.d. í Trausta eða tilkynningahnappinn) þá er byrjað á að ræða við meintan þolanda.</p>
<p>Hlustun og mat</p>	<p>Leitað er upplýsinga hjá tilkynnanda og veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf.</p> <p>Fyrstu viðbrögð eru alltaf að hlusta, án þess að spyrja leiðandi spurninga og án þess að efast um frásögnina. Þakka traustið og staðfesta að það hafi verið rétt að segja frá. Starfsfólk sem leitað er til metur í framhaldinu hvort það treystir sér til að vera áfram í hlutverki stuðningsaðila hverju sinni (skrá, bregðast við, fylgja eftir). Ef viðkomandi treystir sér ekki til þess þá aðstoðar hann nemandann við að leita t.d. til náms- og starfsráðgjafa eða umsjónarkennara.</p> <p>Þegar um óformlegt mál er að ræða eru fleiri ekki dregnir inn í málið, nema á óformlegan hátt og að höfðu samráði við nemandann. Ef samtal leiðir í ljós að málið eigi betur heima í formlegum farvegi þá eru viðeigandi skref tekin. Sum mál ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda (sjá verklagsreglu um trúnað, samstarf og tilkynningar).</p>
<p>Skráningar</p>	<p>Málið er skráð í gögnum þess starfsfólks sem leitað er til (sjá skráningareyðublað fyrir trúnaðarmál). Ef um formlegt mál verður að ræða á síðari stigum þá fara skráningar frá fyrri stigum inn í það mál.</p> <p>Námsráðgjafi heldur skrá yfir mál sem koma upp og fær því lágmarksupplýsingar (nöfn ekki skráð þar ef óskað er eftir nafnleynd).</p>
<p>Viðbrögð</p>	<p>Næstu skref eru ákveðin í samráði við nemandann. Oft er um óbeinar aðgerðir að ræða í óformlegri málsmeðferð. Ekki er farið í „kortlagningu“, þar sem talað er við alla hlutaðeigandi o.s.frv.</p> <p>Aðrir innan skólans eru ekki upplýstir um málið, nema þá með óformlegum hætti, með samþykki nemandans.</p> <p>Sjá lista yfir möguleg viðbrögð aftast í þessu skjali.</p>
<p>Eftirfylgni og endurskoðun</p>	<p>Athugað hvernig gengur, spurt um líðan, boðin áframhaldandi samtöl og stuðningur, leiðir ræddar. Farið aftur í viðbrögð eftir þörfum. Ekki skulu líða meira en þrjár vikur á milli þess að stuðningsaðili hafi samband á meðan málsmeðferð er enn ólokið.</p> <p>Því er haldið opnu að færa málið í formlegan farveg. Ef árangur næst ekki, ef forsendur breytast eða ef nemandi óskar eftir því er sá möguleiki alltaf opinn að hefja formlega málsmeðferð.</p>



Lok málsmeðferðar	<p>Málsmeðferð lýkur ef nemandi og stuðningsaðili eru sammála um að viðeigandi skref hafi verið tekin, viðkomanda líði betur, aðstæður hafi lagast eða ef nemandi afþakkar frekari afskipti.</p> <p>Staðfest er að frekari afskipti verði ekki af hálfu stuðningsaðila að sinni. Nemandi fær hvatningu til að láta aftur vita ef þörf krefur.</p>
--------------------------	---

Formleg málsmeðferð

Það segir ekki til um alvarleika brota hvort þau eru í formlegum eða óformlegum farvegi, heldur snýst það um hversu afgerandi viðbrögðin geta verið, hvort rætt er við alla aðila o.s.frv. Vissulega er það þó svo að því alvarlegri sem brot er því meira aðkallandi verður að grípa til beinna aðgerða og fá fleiri að borðinu. Tilkynningarskyld mál fara alltaf í formlegan farveg.

Látið vita	<p>Ábending, tilkynning eða grunur (sjá EKKO áætlun um aðgerðir). Ávallt er brugðist við. Formleg málsmeðferð felur í sér kortlagningu, víðtækara samráð og möguleika á markvissari viðbrögðum.</p>
Hlustun og mat	<p>Samtal og stuðningur. Fyrsta skref er alltaf að hlusta, skapa traust og öryggi og kanna svo málin nánar áður en nokkuð er aðhafst.</p> <p>Farið er yfir málið í ró og næði með nemandanum. Ef ekki hefur verið leitað til náms- og starfsráðgjafa er útskýrt að það sé best (þó alltaf með leyfi nemandans).</p> <p>Sá sem heldur utan um mál verður hér nefndur <i>stuðningsaðili</i>. Alla jafna er það náms- og starfsráðgjafi sem heldur utan um mál í formlegum farvegi en það getur líka verið t.d. gæðastjóri og skólameistari.</p>
Bráður stuðningur og viðbrögð (ef við á)	<p>Strax er metin þörf nemanda fyrir bráðan stuðning og hann veittur. Nemandi og stuðningsaðili ákveða í sameiningu hvort ástæða er til að leita til utanaðkomandi fagaðila (áfallahjálp, bráðamóttaka, lögregla).</p> <p>Undir 18 ára: Ef um ofbeldi eða kynferðislega áreitni er að ræða skal hafa samband við barnaverndaryfirvöld. Þá er skólameistari hafður með í ráðum.</p> <p>Yfir 18 ára: Skólayfirvöld aðstoða þolanda við að leita að sérfræðiaðstoð meðferðaraðila með sérþekkingu á umræddum brotum. Ákveði þolandi að leita réttar síns munu skólastjórnendur vera honum til aðstoðar eftir bestu getu.</p>
Tryggja öryggi (ef við á)	<p>Ef ástæða er til að ætla að öryggi nemanda sé ógnað skal finna leiðir til að bregðast við því.</p> <p>Skólameistari eða húsbóndi heimavistar getur beint tilmælum til þess tilkynnta að takmarka umgengni sína við annan nemanda/aðra nemendur. Einnig er mögulegt að grípa til tímabundinna aðgerða eins og að vísa nemanda af heimavist/ í fjarnám/úr skóla eða að senda starfsmann í leyfi, að minnsta kosti á meðan kortlagning fer fram.</p>
Tilkynna (ef við á)	<p>Sjá verklagsreglu um trúnað, samstarf og tilkynningar.</p> <p>Ef grunur leikur á að barn/ungmenni búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og</p>

VERKLAGSREGLA

FLOKKUR: MANNAUÐSMÁL

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI



ÚTGEFIÐ: 1.10.2024

	<p>þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarþjónustu (skv. 16 og 17 gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002).</p> <p>Það fer eftir eðli og alvarleika máls hvort, hvenær og hvernig foreldrar/forráðamenn eru settir inn í mál Nemendur sem eru undir 18 ára fá þó alltaf hvatningu til að treysta foreldrum sínum fyrir því sem þau eru að upplifa og nýta það stuðningsnet sem þau hafa heima fyrir.</p>
Skráningar	<p>Náms- og starfsráðgjafi fer fyrir EKK-teymi og leiðir alla jafna vinnu við formleg mál. Hann (eða annar stuðningsaðili) heldur utan um gögn og skráningar.</p> <p>Gögn eru geymd í öruggri vörslu náms- og starfsráðgjafa og/eða í málakerfi skólans. Málgögnum er síðar eytt í samræmi við persónuverndarlög og lög um skjalavörslu.</p>
Kortlagning	<p>Mál eru könnuð áður en brugðist er við.</p> <p>Viðtöl eru oftast grunnurinn að því að kanna mál. Önnur gögn geta til dæmis verið afrit af netsendingum, myndum og slíku.</p> <p>Stuðningsaðili boðar fundi og metur hvaða aðila þarf að ræða við.</p> <p>Ávallt er rætt einslega við alla aðila máls í upphafi. Rætt er við þá sem tengjast málinu og aðra sem geta veitt upplýsingar en ekki eru fleiri dregnir inn í mál en nauðsyn krefur. Trúnaðar er gætt og tekið tillit til persónuverndarsjónarmiða.</p>
EKKO-teymi	<p>EKKO-teymi fundar um formleg mál. Þ.e. námsráðgjafi, jafnréttisfulltrúi og þriðji aðili sem ákveðinn er hverju sinni (t.d. húsvörður, húsfreyja, umsjónarkennari, skólameistari). Námsráðgjafi metur hvenær tímabært er að kalla það saman. Stundum á vel við að kortleggja áður en EKKO-teymi hittist.</p> <p>Tilgangur teymisins er sá að stuðningsaðili beri ekki einn ábyrgð á framvindu málsins og viðbrögð séu ákveðin með góðu samráði.</p> <p>Starfsfólk og fagaðilar sem vinna saman að hag barns/ungmennis geta rætt sín á milli um trúnaðarmál. Ef nemandi óskar eftir því að ekki sé rætt um málið innanhúss er leitað til utanaðkomandi ráðgjafa.</p> <p>Ef óskað eftir því, eða ef ástæða er til að einhver sé ekki inni í máli vegna vanhæfis, þá er tekið tillit til þess.</p> <p>Aðkoma skólameistara fer eftir aðstæðum hverju sinni, en sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að hann stígi inn í, taki þátt í viðbrögðum eða veiti stuðning.</p>
Viðbrögð	<p>Samráð er haft um aðgerðir sem gripið er til. Sérstaklega er mikilvægt að þau sem upplifa að á þeim sé brotið séu höfð með í ráðum. Einnig þarf sá sem er sakaður um að brjóta gegn öðrum að fá gott utanumhald, fræðslu og aðstoð við að taka ábyrgð.</p> <p>Viðbrögð geta verið allskonar, geta tekið tíma og þau geta átt sér stað án vitundar allra hlutaðeigandi. Hvert mál er einstakt.</p> <p>Sjá lista yfir möguleg viðbrögð aftast í þessu skjali.</p>
Aðstoð og samráð	<p>Aðstoðar fagaðila er leitað eftir þörfum, hvenær sem er í ferlinu, en sér í lagi ef lausn næst ekki.</p>

VERKLAGSREGLA

FLOKKUR: MANNAUÐSMÁL

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI



ÚTGEFIÐ: 1.10.2024

	<p>Nemendur (og aðstandendur ef við á) fá hvatningu til að nýta ýmis úrræði. Í EKKO handbók starfsmanna er listi yfir samstarfsaðila og úrræði. Sem dæmi má nefna fagráð eineltismála, barna- og fjölskyldustofu, heilsugæsluna, sálfræðing skólans, ertuok.is, sjuktspjall.is.</p> <p>Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar Mímis geta verið góðir fulltrúar nemenda þegar ræða þarf mál á almennum nótum, til dæmis til að meta verkferla eða hugsanleg viðbrögð af hálfu skólans.</p>
Eftirfylgni og upplýsingar	<p>Athugað hvernig gengur, spurt um líðan, boðin áframhaldandi samtöl og stuðningur, leiðir ræddar. Farið aftur í viðbrögð eftir þörfum. Ekki skulu líða meira en þrjár vikur á milli þess að stuðningsaðili hafi samband á meðan málsmeðferð er enn ólokið.</p> <p>Ef utanaðkomandi aðilar óska eftir upplýsingum um meðferð máls er staðfest að verið sé að vinna að málinu. Markmiðið er að veita fullvissu um að mál séu í farvegi og brugðist verði við.</p> <p>Ef aðilar máls (eða foreldrar/forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri) óska eftir upplýsingum um meðferð máls eru þær veittar, með tilliti til trúnaðar. Einnig er unnt að veita skriflegt yfirlit yfir hvar málið er stöðugt í ferlinu og hvað aðgerða hefur verið gripið til (án þess að fara í saumana á atburðum og upplifun).</p> <p>Leita má til fagráðs eineltismála til að taka út þau viðbrögð sem gripið var til og fá mat á því hvort lausn hafi fengist.</p>
Lok málsmeðferðar	<p>Þegar lausn hefur fengist, þannig að ekki er talin ástæða til frekari afskipta skólans varðandi tiltekið mál, þá er það skráð í gögn málsins og í <i>skrá yfir EKKO mál</i>.</p> <p>Að minnsta kosti sex vikur þurfa að líða þar sem þar sem ástand/samskipti/líðan teljast ásættanleg og án þess að nokkuð komi upp á, til þess að hægt sé að loka formlegu máli.</p> <p>Tryggt er að aðilar máls viti/samþykki að málsmeðferð teljist lokið en þau hvött til að láta vita ef aðstæður breytast.</p>

Viðbrögð

Hér er listi yfir hugsanleg viðbrögð af hálfu skólans í samráði við aðila máls, þegar upp koma einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi. Listinn getur aldrei verið tæmandi, ávalt er leitað úrræða með opnum huga og allar hugmyndir skoðaðar.

Bæði forvarnir og viðbrögð miðast við að vinna gegn þolendaskömmun, skrímslavæðingu og gerendameðvirkni. Ýtum undir ábyrgðarmenningu, tryggjum öryggi og stoppum ofbeldi.

Viðbrögð sem eiga aðeins við í formlegri málsmeðferð eru merkt sérstaklega.

ÁFRAMHALDANDI SAMTÖL OG STUÐNINGUR
Það eru líka viðbrögð – að hlusta og styðja.
BENT Á FRÆÐSLUEFNI, FAGAÐILA OG FORELDRA/FORRÁÐAMENN
Samskiptasáttmáli ML, ertuok.is og sjuktspjall.is. Minna t.d. á að hægt er að leita til náms- og starfsráðgjafa, sálfræðings, heilsugæslunnar (hjúkrunarfræðings eða félagsráðgjafa). Nemendur eru hvattir til að treysta foreldrum/forráðamönnum sínum fyrir vandanum og nýta það stuðningsnet sem þau hafa heima fyrir.
KENRARAR/STARFSFÓLK LÁTIÐ VITA
Látið vita af samstarfserfiðleikum eða líðan nemenda til að þau geti verið bandamenn þeirra og gert ráðstafanir við hæfi. Sem dæmi að gæta þess að ákveðnir nemendur þurfi ekki að vinna saman verkefni, eða að nemendur þurfi ekki að velja sig sjálf saman í hópa. Lágmarksupplýsingar eru veittar um hverjir eiga í hlut og hvaða ráðstafana er óskað, en ekki farið í saumana á atburðum eða upplifun nemenda.
UMRÆÐA OG FRÆÐSLA Í BEKK/Á STARFSMANNAFUNDI
Fræðsla/umræða um samskipti og mörk meðal starfsfólks og/eða nemenda (t.d. á kennarafundi eða í umsjónartíma). Námskeið/fyrirlestur/vinnustofa fyrir hópinn, á vegum utanaðkomandi aðila/sérfræðinga, getur verið góður kostur. Ekki um viðkomandi mál heldur almenn fræðsla og verkefni, t.d. í tengslum við Samskiptasáttmála ML. <i>Formleg málsmeðferð:</i> Huga skal að skólasamfélaginu í heild sinni og ólíkum hópum þegar upp kemur kynferðislegt ofbeldi, einelti eða áreitni. Starfsfólk, foreldrar/forráðamenn og nemendur geta verið þolendur, gerendur og aðstandendur. Því getur fylgt vanmáttur og vanlíðan að vera aðstandandi, sérstaklega ef vafi liggur á því að tekist sé á við málin innan skólans af hæfni og hugrekki. Ef upp koma mál sem ástæða er til að ætla að hafi víðtæk áhrif í félagslegu samhengi þá getur því verið gagnlegt að setja <i>málefnið</i> (ekki einstakt mál) á dagskrá, efla fræðslu og forvarnir. Þá er markmiðið að skapa traust, vísa á viðeigandi úrræði og bjóða stuðning eftir því sem við á. Þetta þarf að meta hverju sinni og vanda upplýsingagjöf og fræðslu, sérstaklega með tilliti til trúnaðar og persónuverndar.

RÆÐA VIÐ AÐILA

Óformleg málsmeðferð: Hægt er að ræða á almennum nótum við aðila sem fer yfir strikið í samskiptum. Reyna að hafa áhrif á sýn viðkomandi, ná til þeirra, kanna líðan þeirra og hugsanlegan vanda. Leiðbeina, veita tiltal og/eða styðja. Þetta er hægt að gera án þess að nefna nein nöfn.

Formleg málsmeðferð: Stuðningur, leiðsögn, fræðsla, tiltal. Tökum erfiðu samtölin, sýnum hugrekki, stöðvum neikvæða hegðun. Hvatning til að líta í eigin barm, taka ábyrgð og virða mörk. Stuðningur við að setja mörk.

VÍSA TIL SÁLFRÆÐINGS (formleg málsmeðferð)

Hlutast til um að þeir sem beiti aðra einelti, ofbeldi eða áreitni leiti til sálfræðings í því skyni að fá aðstoð varðandi mörk, félagsfærni og tilfinningastjórn.

Hlutast til um að þeir sem verði fyrir einelti, ofbeldi eða áreitni leiti til sálfræðings til að byggja sig upp og vinna úr hugsanlegu áfalli.

Með aðkomu Barnaverndar koma stundum félagsráðgjafar og aðrir sérfræðingar líka að málum.

SAMRÁÐ OG TEYMISFUNDIR (formleg málsmeðferð)

Sjá verklagsreglu um trúnað, samstarf og tilkynningar.

Samráð felur gjarnan í sér aðkomu foreldra/forráðamanna, umsjónarkennara og sálfræðings. Þessir aðilar ræða þá saman í trúnaði sín á milli.

Ávallt er upplýst ef rjúfa þarf trúnað til að tilkynna mál til barnaverndar. Einnig ef ræða á við fleiri aðila til samstarfs eða til að kanna mál.

ÁMINNINGAR OG BROTTVÍSANIR (formleg málsmeðferð)

Sjá verklagsreglu um áminningar og brottvísanir. Viðbrögð eru stigvaxandi og í samræmi við tilefnið.

Skýr rammi og tilmæli um takmörkuð samskipti/samneyti duga stundum til að skapa öryggi og stoppa einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi en stundum þarf að ganga lengra. Brottvísun getur verið tímabundin eða varanleg (unnið í samræmi við stjórnsýslulög).

SÁTTAMIÐLUN/SÁTTAFUNDUR (formleg málsmeðferð)

Sáttamiðlun/sáttafundur er umdeild leið og hentar alls ekki alltaf, en ef vilji allra er fyrir hendi og undirbúningur góður, þá er möguleikinn til staðar. Sálfræðingur með þekkingu á slíku ferli ætti alla jafna að koma að því.